



Erindisbréf stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2035 -Uppfært-

Ábyrgðarmaður:

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Inngangur:

Árið 2018 var gefin út stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldra fólks til ársins 2022. Stýrihópur er nú skipaður til að gera drög að nýrri stefnu í málaflokknum. Stefnuna skal vinna í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans 2022-2026 en þar kemur fram að leggja eigi áherslu á sjálfstætt líf og valdeflingu í mótun stefnunnar. Stefnan skal endurspegla og hafa samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa, þ.m.t. velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Hlutverk og helstu verkefni:

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2035 til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu eldra fólks. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem stuðningur sé tryggður þegar hans er þörf. Stefnan er unnin í samráði við fjölbreyttan hóp haghafa og sérfræðinga. Stýrihópurinn mun fela Ráðgjafa- og hugbúnaðarfyrirtækinu Expectus að greina stöðu á þjónustu við eldra fólk, vera ráðgefandi við stýrihópin um mótun stefnunnar og gerð aðgerðaáætlunar.

Stýrihópin skipa:

Heiða Björg Hilmarsdóttir, fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar, formaður.

Unnur Þöll Benediktsdóttir, fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Helga Þórðardóttir, fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður öldungaráðs Reykjavíkur.

Ingibjörg H. Sverrisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.

Verkefnastjóri starfshópsins:

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu öldrunarmála.



Vinna og verkaskipting:

Formaður ber ábyrgð á fundarboðun ásamt því að stýra bæði starfi og fundum. Formaður ber ábyrgð á skilum starfshóps gagnvart ábyrgðarmanni og óskar eftir breytingum á erindisbréfi starfshóps s.s. vegna verkefnis, ráðgjafar, tilnefningar eða skilafresti ef þess gerist þörf.

Verkefnastjóri annast undirbúning og frágang funda, boðar til funda að höfðu samráði við formann, ritar fundargerðir, annast varðveislu þeirra og frágang í skjalavistunarkerfi og sinnir öðrum verkum sem formaður felur honum.

Stýrihópurinn skal skilgreina hagsmunaaðila innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og eftir atvikum hafa samráð við þá áður en tillögum er skilað til ábyrgðarmanns og þar sem við á afla formlegra umsagna.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með sérþekkingu á lýðheilsu

Fulltrúi velferðarsviðs með sérþekkingu á málefnum eldra fólks.

Hagsmunasamtök og notendur þjónustu.

Lykilstjórnendur og sérfræðingar velferðarsviðs í málaflokknum.

Aðrir innan og utan borgarkerfisins og hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Hópurinn starfi, svo breyttur, frá 7. febrúar 2024 og skili tillögu að stefnu í málefnum eldra fólks til velferðarráðs fyrir lok júlí 2024.

Reykjavík, 6. febrúar 2024

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri